

F. F. BOSWORTH:

Af þessum ástæðum

Hvers vegna eru svo margir sjúkir og krankir?
Og hvers vegna deyja margir fyrir aldur fram?

Hinn undursamlegi 53. kapítuli hjá Jesaja sem er spádómur um píslir og fórnardauða Jesú Krists byrjar á þessum tveim spurningum: „*Hver trúði því, sem oss var boðað, og hverjum varð armleggur Drottins opinber?*“ Þessi dýrðlegi spádómur uppfylltist fyrir nær tvö þúsund árum. Og þegar friðþæging, píslir og dauði, Jesú Krists, er boðuð, þá leiðir það af sér fullkomið heilbrigði fyrir sál og líkama þeim til handa, sem þess eru þurfandi, aðeins ef þeir veita boðuninni viðtöku í trú. Svárið við síðari spurningu spámansins er, að hin máttuga og frelsandi hönd Drottins opinberast hverjum og einum, sem heyrta hefur boðskapinn og trúir honum í hjarta sínu.

Við hvaða boðskap á spámaðurinn, í fyrri spurningu sinni? Skýringin er gefin í næstu versum, sú, að með þjáningum og dauða Sonarins, hafi Guð gefið oss leiðina til fullkomins og algjör frelsis. Í þessum boðskap leggur spámaðurinn áherslu á þann sannleika, að eins og fyrirgefning syndanna er áunnin okkur með endurlausnarverki Frelsarans, þá er okkur nákvæmlega á sama hátt með því áunnin lækning og laus líkamlegra sjúkdóma og meina.

Ég þrái að festa þér í huga og hjarta þann sannleika, að eitt hinna mörgu réttinda, sem Kristur ávann þér, með dauða sínum á krossinum, er lækning líkamans. Ef sú væri ekki raunin, myndi ég ekki eyða tíma mínum, til þess að hvetja þig til að vænta lækningar. En einmitt VEGNA þess að Hann gerði það, getur hver og einn sem trúir orðið heilbrigður.

Er Guð opinberaði Jesaja í sýn Krist á krossinum, hrópaði spámaðurinn: „*En vorar þjáningar voru það, sem Hann bar, og vor harmkvæli, er Hann á sig lagði*“. Í næsta versu er frelsi sálar og líkama tengt saman: *Hann var særður vegna vorra synda og kraminn vegna vorra misgjörða; hegningin, sem vér höfðum til unnið, kom niður á Honum, og fyrir Hans benjar urðum vér heilbrigðir.*

Gyðingurinn Leeser hefir þýtt þetta vers þannig: Hann var fyrirlitinn og menn forðuðust Hann, maður fullur þjáninga og var vel kunnugur sjúkdómum, en vora sjúkdóma hefir Hann tekið á sig, og vorar þjáningar hefur Hann borið, þegar við álitum Hann sleginn, píndan og Honum refsað af Guði. En Hann er særður vegna vorra illverka, kraminn vegna vorra misgjörða, og fyrir Hans benjar er okkur lækning veitt. Rotherham þýðir síðari hluta 10. vers á þessa leið: Hann hefir lagt sjúkdóma á Hann. Lofið Drottin, því sjúkdómar voru á Hann lagðir eins og á Hann voru lagðar syndir vorar. Þar sem að Pétur postuli tekur þetta vers upp í bréfi sínu er tengt saman lækning og frelsi.

„*Hann bar sjálfur syndir vorar á líkama sínum upp á tréð. Fyrir Hans benjar eruð þér læknaðir.* (1. Pét. 2, 24).

Margir góðir menn hafa viljað meina, að þessi Ritningarorð hjá Jesaja hafi átt við ANDLEGA sjúkdóma, en ekki líkamlega. Auðvelt er að sanna mistök slíkra ályktana: Matteus vitnar í Jesaja 53, 4. í sambandi við líkamlega lækningu:

En er kveld var komið, færðu þeir til Hans marga, er þjáðir voru af illum öndum og rak Hann andana út með Orði, og alla þá, er sjúkir voru, læknaði Hann: svo að rættist það, sem talað er af Jesaja spámanni, er hann segir: „Hann tók veikindi vor og bar sjúkdóma vora (Matt. 8, 16-17)“.

Gegnum alla Ritninguna jafnt í spádómum sem táknmyndunum er lækning líkamans samtengd lækning sálarinnar. Er páskarnir voru innleiddir byrjaði Guð með táknmyndum að

fræða lýð sinn um lögmál endurlausnarinnar. Þeir áttu ekki aðeins að rjúða blóði páskalambsins á dyrastafina, heldur, takið vel eftir þessu, sem mönnum þúsundum saman yfirsézt, að þeim var einnig boðið að eta kjöt páskalambsins til styrktar líkamanum eða eingöngu til gagnsemdar líkamans. Páskalamið var táknmynd Krists, Guðs Lambsins, sem slátrað var frá grundvöllun veraldar. Í I. Kor. 5, 7. segir Páll, að Kristur Jesús sé vort páskalamb. Blóð Jesú sem úthellt er til syndanna fyrirgefningar var fyrir fram táknað með blóði páskalambsins. Á sama hátt var líkami Jesú, sem fyrir okkur var gefinn, táknaður með kjöti páskalambsins (Lúk. 22, 19 og I. Kor. 11, 24).

Og Hann tók brauð, gjörði þakkir, braut það og gaf þeim og sagði: „Þetta er líkami minn, sem fyrir yður er gefinn; gjörð þetta í mína minningu.“

En páskamáltíðarinnar var neytt í tíð hins Gamla Sáttmála, þar til Kristur innleiddi í hennar stað hina heilögu Kvöldmáltíð til handa tíma hins Nýja Sáttmála, með hinum tveim táknmyndum, brauðinu og víninu, sem bentu á hin tvö miklu réttindi — lækning fyrir sálina og lækning fyrir líkamann — okkur áunnin með dauða Jesú á Golgota.

Kvöldmáltíðin er okkur gefin með sínum tveim táknmyndum, brauðinu og víninu, til þess að við varðveittum fast í hug og hjarta það, sem Kristur keypti okkur til handa með förnardauða sínum. Davíð spáir í einum sálma sinna um krossinn á Golgota, þar sem honum hefur að líkindum opinberast í sýn, hvernig Jesús leggur líf sitt í sölurnar fyrir alla menn.

Lofa þú Drottin sála mín og gleym eigi neinum velgjörðum Hans.

Síðan tilgreinir hann frelsið og lækninguna, keypt með dauða Jesú á krossinum, hverjum einasta manni til handa.

Sem fyrirgefur allar misgjörðir þínar, lækna öll þín mein.... (Sálm. 103, 3).

Takið eftir, að Hann biður okkur um að gleyma ekki neinum velgjörðum Drottins, en einmitt til þess er okkur kvöldmáltíðin gefin, að okkur á að varðveitast í fersku minni allt það, sem Hann keypti okkur til handa með dauða sínum, eins og Kristur sjálfur segir: Gerið þetta í mína minningu.

Páll segir: *Því að ég hefi meðtekið frá Drottni það, sem ég hefi kennt yður, að Drottinn Jesús, nóttina, sem Hann var svikinn, tók brauð, og þakkaði og braut það og sagði: Þetta er minn líkami, sem er fyrir yður, gjörð þetta í mína minningu.* (1. Kor. 11, 23-24).

Hver er tilgangurinn með því að brjóta brauðið? Eða með öðrum orðum, hvað hlotnaðist okkur við að líkami Jesú var sundurkraminn, særður? Jesaja svarar: *Fyrir Hans benjar erum vér læknaðir.* Vinið er tákn um blóð Hans sem úthellt er til syndafyrirgefningar, og brauðið er tákn líkama Jesú, særðan til líkamlegrar lækningar mönnum.

Kristnir menn þúsundum saman neyta kvöldmáltíðarinnar án þess að gera greinarmun á líkama Krists, og fæðu, vegna þess að þeir eru óvitandi um þennan sannleika. Þeir neyta brauðsins, án þess að vita, að það er tákn líkama Krists, sundurkramins þeim til lækningar.

Páll segir: *Fyrir því eru svo margir sjúkir og krankir á meðal yðar og allmargir deyja.* (1. Kor. 11, 30).

Með öðrum orðum: margir eru áfram sjúkir og vanheilir og margir deyja fyrir tímann, vegna þess að þeim er ekki kunngjörð þau forréttindi, sem þeim eru af Guði gefin, til þess að hljóta lækningu. Þúsundir eru til moldar bornar fyrir tímann vegna þess, að þeir hafa ekki öðlazzt þekkingu á, að líkami Krists var kraminn þeim til lækninga. Aðrir eru sjúkir þúsundum saman, þó þeir gæti orðið heilir ef þeir vildu beina sjónum til Hans, sem kraminn og særður var, til þess að þeir mættu hljóta lækningu.

Þegar Jesús sagði: *Þetta er líkami minn*, átti Hann ekki við táknmyndina, brauðið, sem væri brotið okkur til lækningar, heldur við líkama sinn, sem fyrir okkur var gefinn, kraminn okkur til lækningar allra líkamlegra meina. Og að eiga skilning á Hans sundurkramda líkama, mun verka lausn og lækningu á sama hátt, og þá er við tileinkum okkur Blóð Hans, þ.e. veitum viðtöku: að Krists úthellta Blóð, ekki vinið, hreinsar okkur, af

allri synd. Sumir neyta hinnar heilögu kvöldmáltíðar óverðuglega og eru af þeim sökum ekki færir um, að gera greinarmun á líkamanum og fæðu, eða með öðrum orðum, að tileinka sér og þar með taka við líkama Krists í trú, sér til lækningar, og það meira að segja, þó þeir hafi verið uppræddir um lækningu fyrir benjar Krists.

Ef sá maður, er þarfnast lækningar, vildi fyrst prófa sjálfan sig, svo ekkert væri til hindrunar, svo ekkert það leynist með honum, er væri í ósamræmi við Guðs vilja og ráð, til þess að hann verðuglega gæti etið af brauðinu og drukkið af bikarnum, eins og Páll postuli kenndi. Þá gæti hann í trú litið benjar Krists sér til lækningar.

Fundum okkar Birdsall, samstarfsmanns míns, bar fyrst saman á tjaldsamkomum, sem haldnar voru í fylkinu Texas. Hann starfaði í Austur-Texas, en sökum hins óheilmæna loftslags þar, var hann farinn að heilsu. Hann þjáðist af gulu og illkynjuðu exemi. Undanfarnar vikur hafði hann beðið Drottin, að lækna sig, en ekki enn þá hlotið bænheyrzlu. Ég hafði verið beðinn um, að prédika þarna um friðþægingarverk Jesús Krists, og sýndi fram á og reyndi að útskýra fyrir áheyrendum, að líkami Krists væri okkur gefinn til lækningar á sama hátt og Blóði Krists væri úthellt okkur til syndafyrirgefningar. Margir væru sjúkir og krankir þarna meðal áheyrendanna, af þeim sökum, að þeir gerðu ekki greinarmun á líkama Krists og fæði.

Nú lukust augu Birdsall upp fyrir þessum sannleika, þessum örugga grundvelli, er hann gat byggt á lækningu meina sinna. Þegar við næsta dag neyttum hinnar heilögu kvöldmáltíðar, tók Birdsall við brauðinu og í fyrsta skipti á ævi sinni, tileinkaði hann sér það í trú. Og hver varð árangurinn? Kraftur Drottins snart líkama hans og læknaði hann. Á einum mánuði þyngdist Birdsall um 10 kíló. Exemið hvarf með öllu. Síðan hefir hann verið heill heilsu. Sjálfur hafði ég einlæglega lagt mig fram í bæn til Drottins, að Hann sendi mér samstarfsmann, og á þennan dásamlega hátt svaraði Drottinn bæn minni.

Að áliðnum sunnudegi, prédikaði ég eitt sinn um það sama efni áður en gengið skyldi að kvöldmáltíðarborðinu. Ég hagaði orðum mínum á þessa leið: Þú getur orðið heill meina þinna, þegar þú tekur við brauðinu í munn þér — ef þá ekki fyrir — og tileinkar þér líkama Krists í trú, sem sundurkraminn var þér til lækningar.

Kona nokkur meðal áheyrenda, Rosa McEvoy að nafni hafði í fimmtán ár verið með lömun í sjóntaug. Hún sagði mér, að í meters fjarlægð gæti hún engan veginn þekkt mann sinn né greint hvítt frá svörtu. Hún neytti kvöldmáltíðarinnar, tileinkaði sér í trú líkama Krists og læknaðist. Hún þarf ekki einu sinni að nota gleraugu.

Önnur kona, sem þarna var, hafði í þrjú ár átt við vanheilsu að stríða vegna kýla, gigtar og meltingartruflana. Hún tók við boðuninni, og þar með var armleggur Drottins henni opinber. Hún fann, að kraftur Drottins fór þrisvar í gegnum líkama hennar, þar sem hún sat í sæti sínu. Þegar hún kom heim til sín voru öll kýli horfin. Og svo gersamlega var hún laus við þennan sársaukafulla sjúkdóm, að ekki sáust hin minnstu merki eftir kýlin á líkama hennar.

Ennfremur læknuðust þarna margir aðrir, þar sem þeir sátu í sætum sínum og hlýddu á boðskapinn. Einn, sem þjáðist mjög af gyllinæð, varð heill af því meini sínu. Þegar ég prédikaði í Waco í Texas um hina heilögu kvöldmáltíð, var, kona með lamaðan handlegg meðal áheyrenda minna. Hún tileinkaði sér í trú þessi sannindi Guðs Orðs varðandi kvöldmáltíðina, og strax fékk hún mátt í handlegginn, og rétti hann upp, þar sem hún var í sæti sínu. Ég gæti sagt frá mörgum lækningarmáttarverkum, sem ég hef orðið sjónarvottur að, þegar sjúkum og þjáðum hefur verið sýnt fram á sannleiksgildi þessa boðskapar: lækning fyrir benjar Krists. Oftsinnis hefur fólk læknað áður en tími gæfist, til þess að biðja fyrir því.

Kona nokkur lagði á sig, að ferðast rúmar hundrað mílur, til þess að komast á samkomur okkar í Dallas í Texas. Hún hafði verið flogaveik nær allt sitt líf. Á hverjum einasta degi fékk hún flogaveikisköst, eitt eða fleiri. Og einn daginn, sagði systir hennar, að

þau hafi orðið fjörutú og tvö, og þá hafi hún verið nær dauða en lífi. Þessi kona var niðurbrotin á sál og líkama. En er hún hafði hlustað á boðskapinn, sem henni var þarna fluttur, kom hún upp að altarinu. Um leið og hún beygði kné sín þar, snart Drottinn hana með krafti sínum. Hún hlaut frelsun sálarinnar og lækningu líkamans og fylltist lofsöng til Drottins og vegsamaði Hann. Upp frá þeirri stundu var hún algjörlega leyst frá sjúkdómsfjötrum sínum. Hún varð heil, áður en það kom til, að beðið væri fyrir henni. Hún heyrði ORÐ SANNLEIKANS, og SANNLEIKURINN gerði hana frjálsa.

Ég vil lofa Drottin af öllu hjarta fyrir það, að við, sem kölluð erum til þess að fara og flytja Fagnaðarerindið, höfum þann boðskap að flytja, það hjálparráð að kunngera, sem uppfyllir allar þarfir, hvers einasta mannsbarns, hvort heldur um er að ræða þarfir sálarinnar eða líkamans, hvort heldur menn eru blindir, daufir eða hver sem meinin kunna að vera. Gnóttir náðar Drottins eiga sér engin takmörk: Engrar annarrar hjálpar er vant, en þeirrar, sem Hann í sínum yfirgnæfandi dýrðarmætti er albúinn að veita öllum sem trúa.

Hann hefur máttinn, til þess að frelsa fullkomlega *...til fulls frelsað þá, sem fyrir Hann ganga fram fyrir Guð...* (Hebr. 7, 25). Hann er jafn fús til þess að hjálpa mönnum og Hann er máttugur til þess. Hann hefur fyrirfram, séð fyrir því, að allir þeir, sem til Hans koma í trú, fái allt það uppfyllt er þeir þarfnast til sálar og líkama. Það, sem oftast verður því til hindrunar, að fólk hljóti lækningu frá Drottni er, að það þekkir alls ekki vilja Guðs, varðandi lækningu. Guðfræði nútímans lætur hina aumu mannskepnu fáfróða um Guðs vilja í þessu efni, sem Hann þó berlega opinberar í Orði sínu.

Svo kemur þá trúin af boðuninni, en boðunin byggist á Orði Krists. Róm. 10, 17.

Þætti Fagnaðarerindisins um lækningu er sleppt. Orðið „evangelíum“ þýðir „gleði-boðskapur“. Hann er píslarsaga Jesú Krists, þar sem Hann bar sjálfur *syndir vorar* 1. Pét. 2, 24. og *bar sjúkdóma vora*. Matt. 8, 17.

Þeir, sem á dögum frumkristninnar boðuðu Fagnaðarerindið felldu ekkert úr, og engum sjúkum var gefið tilefni til þess að vera í efa um hver væri vilji Guðs varðandi lækningu honum til handa. Við boðunina öðluðust menn þá jafnt trú til lækningar sem trú til frelsunar. Svo glögg og greinileg var boðunin, hvað snerti Guðs vilja mönnum til handa, að hópum saman fylltust menn trú, svo þeir strax urðu heilir, án handayfirlagningar postulanna eða að þeir létu þeim í té nokkra aðra sérstaka þjónustu. Í fimmta kapítula Postulasögunnar sjáum við, hvernig hinir sjúku höfðu trú til lækningar. Þeir voru bornir út á stræti og lágu þar á legubekkjum og í burðarrekjum til þess að, þó ekki væri meira en að skuggann af Péttri er hann gekk um, skyldi bera á einhvern þeirra. *En einnig streymdi að mannföldinn úr borgunum umhverfis Jerúsalem, og höfðu með sér sjúka menn og þjáða af óhreinum öndum, og hlutu þeir allir lækningu.* Post. 5, 16.

Af þessu má sjá, að „sú hugmynd“, að Guð láti mennina þjáast, til þess að gera Hann sjálfan dýrðlegan, var óþekkt í þá daga. Og er með öllu röng. Hún lamar allt bænar- og trúarlíf hinna sjúku og kemur í veg fyrir, að kraftur Drottins fái komizt að, til þess að lækna.

Þegar Páll postuli, í fyrsta skipti, boðaði Orð Fagnaðarerindisins í borginni Lýstru, öðlaðist heiðinn maður trú, til þess að geta sprottið upp og gengið, enda þótt hann hafi verið máttvana í fótum frá móðurlífi. Post 14, 6-10.

Við að hlýða á boðun Fagnaðarerindisins, öðlaðist hinn heiðni þekkingu á því að vilji Guðs var, að lækna hann. Þetta var ekki neitt, sem orðið hafði til í hans eigin huga. *Hann heyrði boðunina og trúði* ORÐI SANNLEIKANS. Þegar Fagnaðarerindi Jesú Krists, þ.e., frásögn Heilagrar Ritningar um pínu og dauða Frelsarans og þau réttindi, er Hann þar með keypti okkur til handa, er skýrt og rétt boðað og jafn mikil áherzla *lögð á það*, er varðar lækningu líkamans og það er varðar frelsun sálarinnar, þá veitist jafn auðvelt að fá lækningu við krabbameini líkamans sem fyrirgefning og hreinsun af „líkþrá“ syndarinnar.

Kristur ávann okkur mönnum hvortvegja í senn, *fyrirgefning syndanna og líkamlega lækningu*, og stendur okkur þetta til boða að öllu leyti á einum og sama grundvelli

og verður því ávallt að fara saman í boðuninni.

Ekkert er ríkulegar staðfest í Biblíunni, en erindi Guðs Orðs til manna um lækningu fyrir endurlausnarverkið á Golgota. Þessi boðskapur er til allra sjúkra, eins og boðskapurinn um fyrirgefning syndanna og frelsi á erindi til allra, sem enn eru í syndum sínum.

...sem fyrirgefur allar misgjörðir þínar, læknað öll þín mein. Sálm. 103, 3.

Ekkert er jafn traust og óhagganlegt sem lögmál lífsins, endurlausn fyrir sál og líkama. Að vissu marki mætti líkja hinum virka þætti þessa lífsins lögmáls við þyngdarlögmálið. Þótt kastað sé hlut óteljandi sinnum í loft upp, þá fellur hann jafn örugglega til jarðarinnar hið síðasta sem hið fyrsta skipti.

Okkur hefir öllum verið boðað, að Guð hafi séð mönnunum fyrir lækning sálarinnar, og vart nokkur maður, jafnvel á meðal óendurfæddra, efast um sannleiksgildi þess, að hver sá, er iðrun gerir og snýr sér til Drottins, eins og Hans Orð býður, muni verða aðnjótandi hins undursamlega máttarverks, sem endurfæðingin er.

Ég vík ekki frá þeirri staðhæfingu, að lögmál Guðs varðandi lækning líkamans er jafn óbrigðult og lögmál Hans varðandi frelsun mannsálarinnar.

Hver, sem vill, hann komi — sjálfum sér bæði til frelsunar og lækningar.

Drottinn Jesús lét engan synjandi frá sér fara, þá er Hann, holdi klæddur, þjónaði hér á jörð og „*Jesús Kristur er í gær og í dag hinn sami og um aldir*“. Hebr. 13, 8. Það, sem Kristur ávann þér og mér með þíslum sínum og dauða á Golgota, stendur okkur ávallt til boða. Hann keypti ekki blessunina okkur til handa, svo við litum hana aðeins í fjarska og fengjum eigi höndlað hana.

Gerum ráð fyrir því, að annar hver áheyrandi minn hér hefði enn ekki látið frelsast og væri því enn í syndum sínum, og ég ætti að segja þeim um Jesúm, sem úthellti Blóði sínu, svo þeir gætu hlotið frelsun frá synd.

Ég greindi þeim jafnframt frá því, er þeim bæri að gera. Síðan kæmu þessir sömu upp að altarinu, til þess að gefast Guði og bæðu af einlægu hjarta um fyrirgefning syndanna. Hve margir þeirra gætu þá öðlazz frelsið? ALLIR.

Segjum svo, aftur á móti, að hinir áheyrendanna væru sjúkir og þjáðir og ég ætti að segja þeim það sem enn væri ósagt af sögunni um Jesúm, ætti að útskýra fyrir þeim, að það voru sjúkdómar þeirra, sem Hann bar. Síðan kæmu svo þessir upp að altarinu í sama tilgangi og fyrri hópurinn, og úthelltu allir hjarta sínu í bæn til Drottins, treystandi fyrirheitum Hans. Hve margir þeirra gætu hlotið lækningu? ALLIR.

Vegna þess að Jesús Kristur bar bæði syndir vorar og sjúkdóma *er Hann trúr og réttlátur og fyrirgefur oss syndirnar og hreinsar oss af öllu ranglæti.* I. Jóh. 1, 9. Guð mundi hvorki vera trúr né réttlátur, ef Hann þá ekki fyrirgefði okkur og hreinsaði af öllu ranglæti. Hann myndi þá tvisvar krefjast borgunar á sömu skuld.

Setjum svo, að þú gerist lögbrjótur og yrðir að greiða þúsund krónur í sekt, en værir mér það hjartkær, að ég greiddi þessa sekt þína að fengnu samþykki dómans. Þá hefði ég þar með leyst þig frá sekt þinni. Ef dómarrinn væri réttlátur, gæti hann ekki aftur krafði þig um hið sama, því það væri að krefjast tvívegis hins sama sektargjalds. Sama gegnir með lækningu líkamlegra meina okkar manna. Jesús Kristur hefir GREITT GJALDIÐ, greitt fyrir lækningu okkar. Og Guð er trúr og réttlátur og leysir okkur — veitir okkur lækningu.

Um tíu ára skeið þjáðist ég af þrálátum hósta, og er ég sá ekki fram á annað, en að ég ætti stutt eftir, klæddi ég mig sjúkur, og ferðaðist frá Illinois til Georgíu, til þess að kveðja foreldra og systkini, áður en ég væri kallaður héðan. Alla leiðina hóstaði ég hvíldarlaust, og hristingurinn í járnbrautinni bakaði mér sársauka, líkt og hnífi væri stungið í gegnum lungu mín. En lofaður veri Drottinn. Þegar augu mín lukust upp fyrir því, að Jesús hafði borið minn sjúkdóm, þá bókstaflega steig ég yfir frá þjáningunum til fullkomins heilbrigðis. *Ég þurfti ekki að bera það, sem Jesús bar fyrir mig.*

Ég get borið vitni um, að hjartað fyllist unaði og sælu þá byggt er á trúfesti Guðs. Tvívegis eftir þetta veiktist ég alvarlega og fékk háan hita. Var ég þá í bæði skiptin minntur á, að Jesús bar sjúkdóma mína, og án þess að ég fengi nokkra fyrirbæn, skreiddist ég fram úr rúminu í trú byggjandi á því, að Guð er trúr í Jesú Krists fullkomna endurlausnarverki.

Margir ykkar vita eflaust, hve erfitt er að vera á fótum með háan hita. Ég var sársjúkur, en jafnskjótt og ég fór að lofa Frelsara minn fyrir það, að það voru mínir sjúkdómar, sem Hann bar, varð ég heilbrigður.

Ein af ástæðunum fyrir því, að menn hljóta ekki lækningu er, að þeir fá ekki nógu glögga uppfræðslu og koma ekki nógu heils hugar. Þeir koma aðeins, til þess að reyna og *vera með*, þegar beðið er fyrir öðrum. Þeir segja: Það er bezt, að ég láti einnig biðja fyrir mér. Ef til vill verð ég heilbrigður. Það sakar ekki að reyna það.

Hugsum okkur, að maður sem enn væri í syndum sínum kæmi á þennan hátt. Þetta fyrirheiti nær ekki til hans — *með hjartanu er trúað til réttlætis* — fyrr en hann af einlægu hjarta þráir að láta frelsast. En þá kemur Guð á mótis við hann. Einlægni og ákveðni hjartans er ófrávikjanlegt skilyrði, til þess að sigur fái stítt í trúnni, hvort sem maðurinn leitar frelsisins, keppir eftir að hljóta skírn Andans, eða hvaða fyrirheiti Guðs sem er. Þegar ég fæ skilið, að Guð hefir fyrirbúið mér eitt eða annað, hef ég ekki aðeins rétt til þess að taka við því, heldur ber mér skylda til að veita því viðtöku.

Hvað eina, sem vantar á fullkomna ákveðni hjartans, er skortur á hlýðni. Sé hjarta mitt rétt gagnvart Guði, þá þrái ég ávallt að taka við því, sem Hann hefir mér að gefa. Vilji einhver breyta samkvæmt vilja Guðs og ávallt leita Hans ráða í einu og öllu, þá stendur honum til boða að þiggja og njóta alls þess, sem Guð, algóður og kærleiksríkur, hefir honum að gefa og hefir fyrirbúið að gera fyrir hann. *Hann synjar þeim engra gæða, er ganga í grandvarleik*. Sál. 84, 12. *Kærleikur Guðs er takmarkalaus* og vill hverju mannsbarni hin æðstu og fyllstu gæði og þráir að úthella ómælt blessun sinni yfir okkur. *Því að augu Drottins hvarfla um alla jörðina, til þess að Hann megi sýna sig máttkan þeim til hjálpar, sem eru heils hugar við Hann*. 2. Kron, 16, 9.

Með öðrum orðum, Guð leitar að tækifærum, til þess að blessa. Ég geri mér í hugarlund, að Guð gleðjist, þá er við, göngum að Hans settu skilmálum, svo Hann fái blessað okkur, því það skapar Honum tækifæri, til þess að uppfylla sína eigin ósk og þrá. Nákvæmlega á sama hátt og loftið leitar alls staðar inn og fyllir, ef hin minnsta smuga opnast, þar sem tómarúm er, þannig blessar Guð með frelsi og lækningu, hvenær sem við, gefum Honum tækifæri til þess.

Fjarlægð það sem hindrar og stendur í gegn, og þá mun kraftur Drottins komast að og sannarlega verka. Þetta er ástæðan fyrir hinni miklu gleði, sem er samfara boðun Fagnaðararindis Jesú Krists: *Við þurfum ekki að vera í óvissu, þá er einhver gengur að Hans tilsettu skilyrðum*. Við vitum, hvað skeður, því Guð er trúfastur, og veitir lausn strax.

Nú jæja, segir prédikari, sem hefir ekki trú til lækningar, „þú baðst þó fyrir þessum, og eru þeir ekki sjúkir eftir sem áður“? En þá vil ég koma með þessa spurningu: Hefir þú aldrei beðið fyrir neinum, til frelsis, sem ekki meðtók frelsið?

Jú.

Þá hefir þér orðið enn meira á, en mér, því lausn sálarinnar er svo miklu meira kraftaverk, en lækning líkamans, sem eilífðin er tímanum meiri.

Bæn mín, hvort heldur er til frelsis eða lækningar, mun ekki bera neinn árangur, fyrr en sá hinn óendurfæddi eða sjúki, hefir sjálfur uppfyllt hin tilsettu skilyrði af Guði sett.

Við lesum í Gamla Testamentinu um það hvernig Guð uppfræddi lýðinn með mörgu móti um veg frelsisins. Þegar Ísraelsmenn syndguðu, sendi Hann eitraða höggorma á meðal þeirra, og þeir féllu unnvörpum. Þá bauð Guð Móses, að setja eirorminn á stöng, er skyldi fyrirmynda Krist. Hinir mörgu deyjandi voru fluttir til staða, þaðan, sem þeir gátu séð eirorminn og allir sem litu þessa táknmynd, hlutu í senn bæði andlega og líkamlega

lækningu. 4. Mós. 21.

Úr því að Ísraelsmenn gátu orðið heilir við að líta táknmynd Krists, hvers vegna skyldum við þá ekki hljóta lækningu við að líta Krist sjálfan. Gat táknmyndin verið nokkuð það fyrir Ísraelsmenn forðum, sem Kristur megnar ekki að vera fyrir okkur. Hver og einn, sem leit eirorminn varð heill. Þeir hlutu ekki lækninguna við að horfa á og virða fyrir sér bólgna limi sína eftir höggormsbitin, heldur við það, að líta táknmynd Krists. Þú öðlast aldrei trúna, við það að virða fyrir hér sjúkdómseinkenni þin, og einblína á þau eða sjálfan þig. En haf þú Jesúm Krist fyrir sjónum þínum og ígrundaðu trúfesti Guðs, þar til hjarta þitt fyllist trúnni, og þá munu mein þín hverfa, sem dögg fyrir sólu.

Krabbamein, hvers konar sjúkdómar og meinsemdir verða að víkja fyrir lifandi, sigrandi trú.

Í 2. Mósebók 13, 13. lesum við einnig, hvernig Guð, á enn annan hátt uppræddi Ísraelslýð um lögmál endurlausnarinnar. Frumburðir undan ösnum voru bölvandi og Guð krafðist, að lamb, er engan lýta hefði, skyldi fórnað og frumburður ösunnar leystur með því. Það er að segja, eigandinn átti að velja úr hjörðinni lýtalaust lamb. Og er hann hafði fundið það, færði hann það prestinum, er gætti að, hvort hann fyndi nokkurn lýta á lambinu en ekki, hvort lýti myndist með ösnufrumburðinum.

Reynum nú, að fá skilið þetta. Það skipti engu máli, hvernig asninn var. Til þess að asninn yrði leystur, var það eitt, sem skipti máli, hvort lambið væri lýtalaust. Þá er lambinu hafði verið fórnað, var asninn þar með leystur og mátti hlaupa og leika sér ásamt hinum.

Sért þú annað hvort sjúkur eða enn í syndum þínum, þá ert þú sem ösnufrumburðurinn, en Jesús sem lýtalaus lambið, er gaf líf sitt sem lausnargjald, til þess að leysa þig frá synd og sjúkdómum.

Þegar þú kemur til Guðs, biðjandi Hann um frelsi og lækningu, þá festu sjónir þínar á Guðs Lambinu. Sjáir þú einhvern lýta á Lambinu, þá hefir þú vissulega ástæðu, til þess að vera niðurbrotinn. En getir þú engan lýta fundið á Guðs Lambinu, *þá veiztu, að þú ert leystur*. Og þá hlýtur þú að fagna. Ef þú freistast og tekur að efast í hjarta þínu, eftir að þú hefir fundið náð fyrir augliti Guðs og þegið lausnina, þá skalt þú, í stað þess að gefa þínum eigin tilfinningum lausan tauminn, leiða hugann að Guðs Lambinu, því þitt frelsi grundvallast á því, að þú hafir tekið við Frelsaranum sem lýtalaus Lambinu, þér til endurlausnar. Ef sá maður, sem af einlægu hjarta hefir gert það, sem Guðs Orð býður, en fer síðan að efast um frelsun sína eða lækningu, þá segir það hið sama og honum finnst hann sjá bletti og lýta á Guðs útvalda Fórnarlambi til lausnar og lækningar mönnunum.

Kristur keypti oss undan bölvun lögmálsins með því að verða bölvun fyrir oss, því að ritað er: *bölvandi er hver sá, er á tré hangir*. I. Gal, 3, 13. Með krossdauða sínum keypti Hann okkur undan bölvun lögmálsins. Hver var bölvun lögmálsins? Í 5. Mós. 28. kap. er getið um alla þá blessun, sem Guð fyrirhét þeim, er reyndust Honum hlýðnir og jafnframt er þar talin upp öll sú bölvun, sem muni hrína á þeim, er ekki vilja hlýða raustu Hans né halda boðorð Hans. Þar eru taldir upp með nafni þeir sjúkdómar, sem þekktir eru sem „bölvun lögmálsins“ og byrjað á tæringu, köldu, hita, bruna, kýlum, kláða og útbrotum. Ennfremur eru þar upptalið: vitfíring, blindni, hugarsturlan o.s.frv. Og að lokum segir þar: *Alla þá sjúkdóma, allar þær plágur, sem ekki eru ritaðar í þessari lögmálsbók*. Þetta nær þá yfir krabbamein, hjartasjúkdóma, bólusótt og hvern þann sjúkdóm, sem fyrirfinnst.

Dýrð sé Guði, heiður og þökk. Þegar Jesús Kristur keypti okkur undan bölvun lögmálsins, þá leysti Hann okkur frá tæringu, blindu og öllum sjúkdómum, sem tilteknir eru í þessum Ritningargreinum um bölvunina, og hverjum þeim öðrum sjúkdómi, sem ekki er þar upptalinn.

Nefndu mér sjúkdóm þinn, og ég get sagt þér, að þú getur orðið heill, því Kristur keypti þig frá honum. Þótt allir öðlist ekki frelsið og allir hljóti ekki lækningu, er gjaldið greitt að fullu fyrir alla. Gjaldið er greitt hvort heldur þú tekur við frelsinu og lækningunni,

eða ekki. Takir þú ekki við því, þá ónýtir þú það þér til handa. Kristur leið þá fyrir þig til einskis og allt Guðs náðarráð þér til handa — er til einskis.

Þeim, sem þegið hafa frelsið en ekki lækninguna, má líkja við mann nokkurn, sem keypti farseðla með skipi, fyrir sig og fjölskyldu sína. Þegar hann sté á skipsfjöl hafði hann meðferðis fulla nestiskörfu — kex og ost. — Í hvert sinn, sem gefið var til kynna, að matur væri á borðum fyrir farþegana, snæddi hann og fjölskylda hans úr nestiskörfunni. Svo var það dag einn, þegar angandi matarlyktin af heitum réttunum barst til þeirra, að nú gátu þau ekki staðizt mátið lengur og spurðu hvað máltíðin myndi kosta fyrir þau öll. Þá var þeim sagt, að fæðið hefðu þau þegar greitt. Það væri innifalið í fargjaldinu. Hvílik mistök. Þau höfðu verið að borða ost og kex, sem var meira að segja orðið myglað, enda þótt þau hefðu greitt fyrir ljúffengan mat alla leiðina.

Þannig fer mörgum. Þeir ganga um vanheilir, þó Kristur hafi greitt gjaldið fyrir lækningu þeirra.

Margir læknast ekki sökum þess, að þeir í eigingirni sinni meta meira sitt eigið, heldur en það, sem Drottins er.

Sá sem vill bjarga lífi sínu hann mun týna því. Með öðrum orðum. Sá maður er stritast við að efla sinn eigin hag og þannig bjarga „sínu“, en skeytir ekkert um útbreiðslu Guðsríkis hann mun tína sínu. Guð vill að ég setji Hans heiður ofar öllu mínu, og þar með stuðli að því, sem varðar heill alls mannkyns. Okkur á að vera svo miklu kærara, að vinna að málefnum Guðsríkisins, heldur en að vinna að okkar eigin hagsmunamálum, eins og málefni Drottins eru hærri okkar eigin.

Að hafa fyrst og fremst fyrir sjónum sínum það, sem Drottins er, það er hin stærsta og mesta dyggð og mun gera hjartað móttækilegt, svo að krafturinn fái farið um líkamann og læknað hann. Það hefir komið fyrir, þá er ég hefi verið að biðja fyrir sjúkum, að ég hef fundið svo sterka mótstöðu, svo mikið hefir staðið í gegn, að kraftur Drottins fékk ekki gengið í gegnum líkami þeirra.

Þá er sumir biðja um fyrirbæn finn ég hvernig Andi Drottins stendur í gegn, svo það liggur nærri, að maður verði að berjast, til þess að geta að svo stöddu beðið fyrir þeim. Þeir vilja, að Drottinn lækni þá þegar í stað, en Hann vill undirbúa hjartað og gera það móttækilegt fyrir kraft Hans. Og er maðurinn hefir þannig öðlazz trú, til þess að hljóta lækningu, mun kraftur Drottins fara í gegnum líkama hans og að engu gera alla sjúkdóma er þar kunna að búa. Ef einhver vill, alveg skilyrðislaust, fela sig Drottni og síðan stöðugt lúta vilja Hans, stendur honum til boða að höndla allt Guðs ráð sér til handa.

Sumir segja. „Ég er kristinn maður, þótt ég hafi ekki algjörlega helgað líf mitt Drottni“. Ég álit, að þetta geti ekki átt sér stað, því Guð vill ekkert hálf. Við verðum að gerast undirgefni eða þjóna, til þess að við fáum varðveizt í frelsinu.

Því undirgefni þjónn vinnur ekki sjálfum sér, heldur eingöngu húsbónda sínum, og jafnskjótt og maðurinn hefir í einu og öllu lagt niður alla mótstöðu gegn vilja Drottins, þá fyllist hjarta hans samstundis elsku til alls þess, sem Guð vill.

Þegar ég lít fram til ókomins tíma. þá geri ég mér fyllilega ljóst, að eftir því, sem ég upplýsist meir, þar eð mér opinberast meir í ljósinu, mun Guð, að sama skapi, krefjast meir af mér. En það er mér einungis fagnaðarefni, því ég endurnýja stöðugt heit mitt um hlýðni við allan vilja Hans og er reiðubúinn hvað það snertir að fórna lífi mínu, ef þess verður krafizt.

Guð fyrirhét Ísraelsmönnum, ef þeir gjöreyddu hinum ýmsu þjóðum í Kanaanlandi eftir því, sem Hann gæfi þær þeim í hendur, þá skyldi Hann bægja frá þeim öllum sjúkdómum. Þessar þjóðir eru tákmynd sjálfshyggjunnar, þessa stóra „Ég“, sem á engan rétt á sér meðal kristinna manna. Viljum við sigrast á þessari sjálfshyggju, drekkja henni, þegar Guðs Orð opinberar hana og dregur hana fram í ljósið, þá getum við orðið laus við alla sjúkdóma fyrir að trúa hinum óbrigðulu fyrirheitum Hans.

Ef kristinn maður vill í einlægni gera iðrun og játa, að hann hefir ekki uppfyllt gefin loforð og hverfur frá tómlæti sinu varðandi Guðs vilja, þá er steininum þar með velt frá, eins og steinninn forðum var tekinn frá gröf Lazarusar. Og kraftaverkið sem gerist er, að hjartað fyllist *lifandi trú*. Hlýðnin ryður í burt öllu, sem stendur í gegn og siguraflíð, hin lifandi trú, fær óhindrað að verka og hann hlýtur lækningu. Heilbrigði er — vegna syndafallsins — töpuð eign. *Hið þóknanlega ár Drottins*. Lúk. 4, 16-19. var fagnaðarárið og Guð sagði: Á þessu fagnaðarári skulu þér hverfa aftur hver og einn til óðals síns. 3. Mós. 25, 13.

Þetta „þóknanlega“ ár Drottins, er hin fyrri koma Hans og náðarþjónustutímabilið. Þegar Jesús las í samkunduhúsinu úr Jes. 61, 1-2, sjáum við, að er Hann hafði lesið þessi Orð „*hið þóknanlega ár Drottins*“ lagði hann frá sér bókina. Hann las ekki lengra, ekki þau orð, sem á eftir komu „*og hefndardag Guðs vors*.“ Því þau eru spádómur um síðari komu Hans og dóminn, segir Scoefield.

Jesús synjaði engum um hjálp, er til Hans leitaði, sjúkur og þjáður. En hvarvetna, þar sem mannfjöldinn þrengdist að Honum, segir í Guðs Orði ...*og Hann læknaði þá*. Matt. 4, 23-24. 12, 15. 14, 14. Hann kom í heiminn, til þess að gera vilja síns himneska Föður. *Þess vegna prédikaði Hann og læknaði hvers konar sjúkdóma og krankleika meðal lýðsins ...* *...Hann gekk um kring, gjörði gott og græddi alla*. Post. 10, 38.

Hans friðþægingarverk liggur því til grundvallar, að Hann læknaði alla. Hann tók veikindi vor og bar sjúkdóma vora. Matt. 8, 17. Úr því það voru okkar sjúkdómar, sem Hann bar, þá leiðir það af sér lækningu fyrir alla. Þegar Jesús læknaði blóðfallssjúku konuna, var lækningin aðeins henni til handa. En friðþægingarverk Hans á Golgota, var fyrir alla, hvert einasta mannsbarn. Þar sem það var fyrir friðþægingarverkið, að Kristur að Guðs vilja læknaði þá alla, hlýtur Hann að halda áfram að lækna alla, sem ganga að og uppfylla þau skilyrði, sem Guðs Orð setur, því það sem friðþægingarverk Krists áorkaði þeim til handa, er þá voru uppi, stendur óbreytt okkur til handa í dag.

Hann smakkaði dauðann fyrir *alla*.

Þess vegna bauð Jesús Kristur lærisveinum sínum, að boða Gleðiboðskapinn allri skepnu svo hver og einn fengi veitt viðtöku þessum áunnu réttindum.

Og þess vegna finnum við hvort tveggja í táknmyndunum í Gamla Testamentinu þ.e. bæði lækningu fyrir sál og líkama.

Hvort tveggja — í þjónustu Krists á hérvistardögum hans.

Hvort tveggja — í friðþægingarverki Krists.

Hvort tveggja — í Fagnaðarboðskapnum.

Hvort tveggja — fyrirheitið af Kristi sjálfum í síðustu skipun Hans til lærisveinanna

(Mark. 16, 15-18), þar sem við tvívegis höfum

orðið „*munu*“. Í fyrra skiptið fyrir sálina, — *mun hólpinn verða*, og í

síðara skiptið fyrir líkamann, — *munu verða heilir*.

Hvort tveggja — í hinni heilögu kvöldmáltíð.

Hvort tveggja — í fyrirmælunum til safnaðanna.

Hvort tveggja — nauðsynlegt, ef við eigum að fá fullnað skeiðið, varðveitt trúna,

— og hlotið full laun.

(Hin þekkti prédikari F. F. Bosworth dó í janúar síðastliðið ár (1958), 81 árs að aldri. Fáum þjónum Drottins hefir auðnast að sjá ríkari ávöxt í starfi sínu og dásamlegri máttarverk Drottins. Þá er hann var um sjötugt var þess getið í ræðu og riti að honum höfðu borizt rúmlega 200 þúsund þakkarbréf frá fólki, sem blotið hefði lækningu frá Drottni. Og, ef unnt var, sá hann enn ríkari ávöxt hin síðustu 10 árin, sem hann lifði).

(Heimildarrit „Hjemmets Venn“ Trondheim)

Þýtt úr ensku á norsku og svo á íslensku og gefið út árið 1959. Tölvugert 2011 E.M.